

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Árborgar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 599/2009.

1. gr.

1. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Stjórn Sveitarfélagsins Árborgar nefnist bæjarstjórn og er skipuð sjö bæjarfulltrúum kjörnum skv. lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

B-hluti 58. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að loknum bæjarstjórnarkosningum skulu eftirtaldar fastanefndir kosnar:

- 1) *Félagsmálanefnd.* Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
- 2) *Íþrótt- og æskulýðsnefnd.* Þrír fulltrúar og þrír til vara skv. gildandi erindisbréfi fyrir nefndina.
- 3) *Fræðslunefnd.* Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
- 4) *Menningarnefnd.* Þrír fulltrúar og þrír til vara skv. gildandi erindisbréfi fyrir nefndina.
- 5) *Skipulags- og byggingarnefnd.* Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. erindisbréfi fyrir nefndina.
- 6) *Framkvæmda- og veitustjórn.* Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir hana.
- 7) *Kjaranefnd.* Þrír fulltrúar og þrír til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.

Bæjarstjórn getur ákveðið að heimila setu áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt í framangreindum nefndum.

3. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 1. ml. 64. gr. samþykktarinnar:

Bæjarstjórn ræður framkvæmdastjóra sveitarfélagsins.

4. gr.

Í stað orðsins „bæjarstjóri“ þar sem það kemur fyrir í samþykktinni skulu koma orðin: „framkvæmdastjóri sveitarfélagsins“ í viðeigandi falli.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar hefur gert samkvæmt 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 5. október 2010.

F. h. r.

Stefanía Traustadóttir.

Hjördís Stefánsdóttir.